

Fundur Ræktunarstjórnar 10 apríl 2012

Fundur haldinn í Síðumúla 15 18.30 til 20.30

Mættir: Guðbjörg Guðmundsdóttir, Þorsteinn Birgisson, Guðmundur A. Guðmundsson, Heiðar Sveinsson og Arnar Tryggvason.

Farið yfir fundargerð síðasta fundar.

- Frá fyrri fundi Hlýðni og Spora upplýsingar inná hvern hund í gagnagrunni. Gögn komin til Vefstjóra.
- Frá fyrri fundi: Prófstjóranámskeið, reynt að koma því við á næstu vikum
- Ný stjórn skipti með sér verkum, var sama verkaskipting samþykkt, Guðbjörg Guðmundsdóttir Formaður, Guðmundur A. Guðmundsson gjaldkeri, Heiðar Sveinsson ritari, Þorsteinn Birgisson og Arnar Tryggvason meðstjórnendur
- Á ársfundi komu fram nokkrar fyrirspurnir sem var vísað til stjórnar, hér að neðan er þeim gert skil.
 - Kom fram fyrirspurn hvort ekki væri rétt að samræma kröfum til að fá CIB (Alþjóðlegur meistari) við það sem væri hjá öðrum vinnuhundum innan HRFÍ. Þ.e. að það til að hljóta CIB þyrfti 2 cacib og síðan vinnuárangur. Við könnum kom í ljós að samkvæmt reglum HRFÍ eru þetta viðmið fyrir Retrieverhunda eins og aðra vinnuhunda, hins vegar voru upplýsingar ekki réttar á heimasíðu retrieverdeildarinnar og verður það lagfært. Sjá hér údrátt úr sýningarreglum HRFÍ fyrir tegundarhóp 8
 - 75. Ákvæði fyrir tegundahóp 8Retrieverhundur þarf að uppfylla eftirfarandi skilyrði til að hljóta titilinn íslenskur meistari (ISCh):
 - Að hafa hlotið þrjú meistarastig á sýningum HRFÍ hjá þremur mismunandi dómurum, þar af eitt stig eftir 24 mánaða aldur (24 mán.+ 1 dagur).
 - Retrieverhundur þarf að hafa varanlegt auðkenni (örmerki/húðflúr).
 - Retrieverhundur þarf að standast vinnueiginleikapróf sem hér segir:
 - Að hljóta a.m.k. 3. einkunn í opnum flokki á B retriever- veiðiprófi, viðurkenndu af HRFÍ.
 - Einnig þarf hundur úr tegundahópi 8 að uppfylla eftirtalin skilyrði til að hljóta titilinn Alþjóðlegur meistari (C.I.B):
 - Tvö alþjóðleg meistarastig (CACIB) í einu eða fleiri löndum, frá tveimur dómurum af mismunandi þjóðerni og frá tveimur FCI aðildarlöndum. Eitt ár og einn dagur verða að líða milli fyrsta og síðasta alþjóðlegs meistarastigs. Dæmi: frá
 - o janúar 2004 til 1. janúar 2005.
 - Hafa lokið veiðiprófi viðurkenndu af HRFÍ í samræmi við eiginleika viðkomandi hundakyns.
 - Að öðru leyti gilda sýningareglur HRFÍ.
 - Önnur fyrirspurn kom og varðaði kröfur til sýningarárangurs fyrir Retrieverhunda til að verða Íslenskur veiðimeistari ISFTCH. Hér á landi er krafan til að verða veiðimeistari að ná Good á sýningum og hafa fengið 1 einkun í þrjú skipti í Úrvalsflokki B eða A hjá 3 dómurum og minnst einn af þeim þarf að vera erlendur. Var þessu máli vísað til stjórnar með það að markmiði að skoða hvernig þessum málum væri háttað í nágrannalöndum og kynna það. Við könnum kemur í ljós að í Danmörku og Noregi er viðmiðið að hundur hafi fengið Good á sýningu, í Noregi er viðmiðið Sufficient. Telur stjórn ekki ástæðu til að vera með önnur viðmið og lætur óhreyft. Þörunarbeiðni afgreidd
 - Þriðja fyrirspurn var varðandi kröfu í reglum HRFÍ um að fulltrúi á veiðiprófum sé dómaramenntaður. Velt var upp hvort ekki væri ástæða til að breyta þessi í ljósi þess að prófum væri að fjölga og þörf hefði verið á undanþágum undanfarin ár. Það var mat stjórnar að þessi mál væri í eðlilegum farvegi og verið unnið í góðri sátt. Ekki væri ástæða til að slaka á almennum reglum þó að undanþágu þyrfti í algjörum undantekningar tilfellum. Verður hvatt til dómaramenntunar og leitast við að nota þessar undanþágur sem allra minnst.
 - Á ársfundinum kom fram mikill áhugi á komandi "Vinnueiginleikamati" sem var síðan prófað helgina á eftir. Það mátti finna á fundinum og jafnframt við prófið að áhugi er á að þetta verið skiladað fyrir þáttöku í BFL (byrjendaflokki). Stjórn er almennt fylgjandi því. Eins má benda á að í þeim reglum sem voru þýddar við gerð reglna fyrir Vinnueiginleikamatið er skýrt kveðið á

um hverjir megi meta svona mat. Það hefur ekki verið tekin afstaða þar sem þetta hefur ekki verið innleitt hins vegar er ljóst að leikmenn geta ekki tekið upp hjá sér að meta svona próf nema þá sér til gamans. Það verður í öllu tilfalli í höndum deildarinnar að útnefna þá sem fá til þess réttindi ásamt auðvitað menntuðum dómurum.

Fundargerð ritaði HS